



## **2. Kennari sem skilað hefur merku ævistarfi eða á annan hátt hafa skarað framúr**

Elín G. Ólafsdóttir á að baki rúmlega fjörutíu ára kennsluferil. Hún hefur kennt öllum árgöngum í grunnskóla og auk þess fjölda kennara um allt land því hún var eftirsóttur fyrirlesari og leiðbeinandi á endurmenntunarnámskeiðum kennara um árabíl.

Aðal starfsvettvangur Elínar var í Langholtsskóla í Reykjavík. Allan sinn kennsluferil var hún leitandi og frumlegur kennari. Hún og samstarfskennarar hennar í Langholtsskóla reyndu fyrir sér með fjölbreyttar, óhefðbundnar og sveigjanlegar kennsluáðferðir sem vöktu mikla athygli og sköpuðu þannig saman undraland fyrir kennslu yngstu barnanna. Á starfsferli sínum sinnti hún einnig ráðgjöf af ýmsu tagi og tók þátt í stefnumótun um nám og kennslu auk þess sem hún vann að námsefnisgerð og átti t.d. aðild að námsefninu Upp úr hjólförunum, einu fyrsta námsefninu um jafnréttisfræðslu sem gefið var út hér á landi.

Elín G. Ólafsdóttir var um árabíl í forystusveit í samtökum kennara og sinnti þar mörgum trúnaðarstörfum. Hún var sannarlega fyrirmynd kennarastéttarinnar bæði faglega og félagslega.

Afskiptum Elínar af skólamállum lauk ekki þegar hún hætti kennslu. Hún sinnti ráðgjöf og leiðsögn á Fræðslumiðstöð Reykjavíkur og gaf auk þess út bókina Nemandinn í nærmynd þar sem hún segir frá starfi sínu, hugmyndafræði og kennsluáðferðum.

Í lokaorðum bókarinnar segir Elín m.a.:

„Skólanám sem er menntandi eykur fróðleiksfýsn og hæfileika til að skapa og njóta. Menntun auðgar andann og gefur þá yfirsýn sem þarf til að öðlast mannskilning, umburðarlyndi, dómgreind og styrk til að vinna í þágu góðra lífsgilda. Skólar eiga að vera vermireitir þar sem allt grær sem hlúð er að. Það er galdur að halda úti þannig skóla, skóla sem kveikir í og eykur löngunina til að læra. Það er galdur að hvetja nemendur og búa þeim námsskilyrði sem auka á vellíðan þeirra og námfýsi. Það er galdur að leiða alla nemendur um refilstigu náms þannig að þeir læri að læra af fúsum og frjálsum vilja.“

Þann galdur kunni Elín G. Ólafsdóttir.